

REGLUGERÐ

um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna.

I. KAFLI

Skattskylda og skattskyldir aðilar.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

a. Bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín.

b. Eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

c. Bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar.

d. Eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar erlendra sendisveita ~~og~~, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ~~eigi ekki~~ eru íslenskir ríkisborgarar ~~og~~ námubifreiðar, sem eingöngu er notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum, eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Skylda til greiðslu þungaskatts af ökutæki sem skráð er hér á landi hvílir á skráðum eiganda þess á gjalddaga eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð sem ónýtt. Hafi ökutæki skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Skylda til greiðslu þungaskatts af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

II. KAFLI

Fjárhæð þungaskatts.

3. gr.

Fast gjald

Greiða skal þungaskatt í formi fasts gjalds af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd.

Skattskylda fasts gjalds stofnast við nýskráningu bifreiðar og skal gjaldið reiknað í hlutfalli við fjölda mánaða sem bifreið er á ökutækjaskrá þannig að fimmtán dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eiganda eða umráðamanni fyrrgreindra ökutækja heimilt að greiða þungaskatt í formi kílómetragjalds, sbr. 3. mgr. 5. gr., enda hafi ökumælir verið settur í ökutæki og skráning í álestrarskrá ökumæla farið fram. Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi á næsta gjaldtímabili eftir að heimild hefur verið veitt og gildir í tólf mánuði.

4. gr.

Árlegt fast gjald þungaskatts er eftirfarandi:

Eigin þynd bifreiðar kg kr.	Bifreiðaskattur bifreiðar kg Þungaskattur kr.	Eigin þyngd	Þungaskattur
Allt að 1.000	94.273	2.800-2.999	169.828 175.770
1.000-1.499	113.163	3.000-3.199	177.383 183.589
1.500-1.999	132.053 136.675	3.200-3.399	184.938 191.408
2.000-2.199	139.608 144.494	3.400-3.599	192.493 199.227
2.200-2.399	147.163 152.313	3.600-3.799	200.048 207.046
2.400-2.599	154.718 160.132	3.800-3.999	207.603 214.865
2.600-2.799	162.273 167.951		

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, sendi- og hópibifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal gjaldið árgjaldið vera 30,25% hærra en gjald að skv. framan greinir. Þ. Ákvæðið mgr. tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti og eru á rauðhvítum skráningarnúmerum.

Árlegt fast gjald þungaskatts með 25% álagi er eftirfarandi:

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur kr.	Allt að 1.000	117.841	2.800-2.999	219.713
1.000-1.499	141.454	3.000-3.199	229.486				
1.500-1.999	170.844	3.200-3.399	239.260				
2.000-2.199	180.618	3.400-3.599	249.034				
2.200-2.399	190.391	3.600-3.799	258.808				
2.400-2.599	200.165	3.800-3.999	268.581				
2.600-2.799	209.939						

5. gr.

Kílómetragjald.

Af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og af eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi skal greiða kílómetragjald, þ.e. gjald fyrir hvern einn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald að fjárhæð 100.000 kr. Skattskylda fasts árgjalds telst frá afhendingu skráningarmarkis ef um nýskráð ökutæki er að ræða en ella frá upphafi gjaldárs kílómetragjalds þungaskatts, þ.e. 11. október ár hvert. Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækisins. Gjaldþyngd ökutækisins skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. þó 3. mgr. og 6. gr. Við ákvörðun fasts árgjalds skal miðað við leyfða heildarþyngd ökutækis, en við ákvörðun fasts árgjalds hópibifreiða, með skráða gjaldþyngd lægri en leyfða heildarþyngd vegna ákvæða 8. gr. reglugerðar nr. 411/1993, um gerð og búnað ökutækja, skal miðað við skráða gjaldþyngd þeirra.

Sé þungaskattur greiddur af bifreiðum, sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, í formi kílómetragjalds í stað fasts gjalds, skal kílómetragjald vera hið sama og hjá ökutækjum sem eru 4.000-4.999 kg að leyfðri heildarþyngd.

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.
4.000-4.999	7,09 6,97	13,40	18.000-18.999 - 18,50
5.000-5.999	7,54 7,41	14,43	19.000-19.999 - 19,92
6.000-6.999	8,15 8,01	15,20	20.000-20.999 - 20,98
7.000-7.999	8,56 8,42	16,08	21.000-21.999 - 22,19
8.000-8.999	8,93 8,78	17,09	22.000-22.999 - 23,59
9.000-9.999	9,33 9,17	17,90	23.000-23.999 - 24,71
10.000-10.999	9,90 9,73	18,71	24.000-24.999 - 25,83
11.000-11.999	10,27 10,10	19,63	25.000-25.999 - 27,09
12.000-12.999	11,57 11,38	20,50	26.000-26.999 - 28,29
13.000-13.999	12,65 12,44	21,41	27.000-27.999 - 29,55
14.000-14.999	14,00 10,14	22,32	28.000-28.999 - 30,81
15.000-15.999	15,07 10,92	23,23	29.000-29.999 - 32,06
16.000-16.999	16,27 11,79	24,14	30.000-30.999 - 33,32
17.000-17.999	17,45 12,64	25,05	31.000 og yfir - 34,58

Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása ökutæki.

Ef taka þarf öikumæli úr til viðgerðar skal greiða daggjald sem svarar til 200 km aksturs fyrir hvern dag sem ekið er án öikumælis. Þó skal heimilt að miða gjaldið við raunverulegan akstur, verði því við komið. Heimild til aksturs án öikumælis er ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga.

Kílómetragjald eftirvagna skal vera sem hér segir:

Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.
6.000-6.999	7,63	19.000-19.999	17,31
7.000-7.999	8,01	20.000-20.999	18,24
8.000-8.999	8,36	21.000-21.999	19,29
9.000-9.999	8,73	22.000-22.999	20,51
10.000-10.999	9,28	23.000-23.999	21,49
11.000-11.999	9,62	24.000-24.999	22,46
12.000-12.999	10,83	25.000-25.999	23,55
13.000-13.999	11,85	26.000-26.999	24,59
14.000-14.999	12,17	27.000-27.999	25,70
15.000-15.999	13,10	28.000-28.999	26,79
16.000-16.999	14,15	29.000-29.999	27,87
17.000-17.999	15,18	30.000-30.999	28,96
18.000-18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

6. gr.

Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum.

Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr., skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrr en að liðnum fullum tveimur árum.

7. gr.

95.000 km fast kílómetragjald.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja geta, þrátt fyrir ákvæði 5. gr., valið áður en nýtt gjaldár hefst að greiða gjald sem tekur mið af kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Upphæð fasts kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Við nýskráningu ökutækis er einnig heimilt að velja fast kílómetragjald og skal gjaldið þá reiknað í hlutfalli við fjölda mánaða sem eftir eru af gjaldári. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða fast kílómetragjald á bifreið skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Ákvörðun um fast kílómetragjald verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafð, nema ökutæki lendi í altjóni, sem staðfest er af váttryggingafélagi. Niðurfelling fasts kílómetragjalds miðast þá við innlagn skráningarmarkja. Verði viðkomandi ökutæki sett í umferð að nýju áður en gjaldári er lokið er niðurfelling fasts kílómetragjalds afturkölluð frá og með niðurfellingardegi.

Umsókn um fast kílómetragjald skal send ríkisskattstjóra í því formi sem hann ákveður.

Þeir sem fá heimild samkvæmt þessari grein eru undanþegnir ökumælisskyldu, sbr. 15. gr., skráningu í akstursbók skv. 16. gr. og að mæta í álestur á álestrartímabili skv. 18. gr.

8. gr.

Gjald af ökutækjum skráðum erlendis.

Af ökutækjum bifreiðum, sem skráð skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og af eftirvögnum sem eru 6.000 kg eða meira af leyfðri heildarþyngd skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Ef nýting bifreiðar fellur undir skilgreiningu 2. mgr. 4. gr., skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 4.000 kg eða meira og af eftirvögnum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6.000 kg eða meira og útbúin nýtt eru viðhlitandi í ökumælissúnaði atvinnuskyni skal greiða ákvörðun kílómetragjald þungaskatts skv. fara eftir ákvæðum 5. gr.

Af öðrum ökutækjum skráðum erlendis, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar ökutækis kg fyrir hverja byrjaða viku kr.	Þungas kattur bifreiðar kg fyrir hverja byrjaða vik u, kr. kr.	Eigin þyngd ökutækis, kg	Þungas kattur fyrir hverja byrjaða vik, kr.	Allt að 1.000	3.246 1.813	2.800- 2.999	5.336 3.380
				1.000- 1.999	4.035 2.176	3.000- 3.199	5.556 3.531
				1.500- 1.999	2.628	3.200- 3.399	3.681
2.000- 2.199	4.386 2.779	3.200 3. 400 - 3.399 3. 599	5.807 3.831				
2.200- 2.399	4.623 2.929	3.400 3. 600 - 3.599 3. 799	6.029 3.982				
2.400- 2.599	4.863 3.079	3.600 3. 800 - 3.799 3. 999	6.285 4.132				
2.600- 2.799	5.096 3.230	3.800 - 3.999	6.519				

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

Við brottflutning ökutækis sem gjaldskyld er skv. lokamálslið 1. mgr. skal toll- eða löggæslumaður lesa af ökumæli þess og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekin kílómetrafjölda frá komudegi. Þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. skal greiða við komu ökutækis ökutækisins til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að ökutæki verði hér á landi.

~~8. gr.~~

~~Ef ökutæki sem skráð er erlendis, er hér á landi í fjóra mánuði eða lengur, skal þungaskattur af ökutækinu greiddur eins og um ökutæki skráð hér á landi sé að ræða. Skulu ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, sem gilda um ökutæki skráð hér á landi, þá gilda um ökutækið, eftir því sem við getur átt.~~

III. KAFLI

Eftirgjöf þungaskatts.

9. gr.

Fast gjald.

Lækka skal, fella niður eða endurgreiða fast gjald þungaskatts að rétttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýtt. Sama gildir ef skráningarmerki bifreiðar hafa verið afhent skráningaraðila til geymslu í a.m.k. þrjátíu fimmtán daga samfelld eða framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma.

Heimilt er að lækka eða endurgreiða fast gjald að rétttri tiltölu, þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. hafi ekki verið uppfyllt, ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að mati ríkisskattstjóra að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfelld vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði. Ekki er heimilt að lækka eða endurgreiða hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.

Eigi skal endurgreiða fast gjald af bifreið, sem greitt hefur verið þrátt fyrir að eigendaskipti verði, heldur skal greiðslan gilda fyrir bifreiðina allt viðkomandi gjaldtímabil.

10. gr.

Kílómetragjald.

~~Kílómetragjald Óheimilt skal er lækka að um 10% vegna aksturs vöruflutningabifreiða umfram 25.000 km á gjaldári, um 20% vegna aksturs umfram 35.000 km á gjaldári og um 50% vegna aksturs umfram 45.000 km á gjaldári. Af akstri annarra bifreiða skal lækka kílómetragjald um 10% vegna aksturs umfram 25.000 km á gjaldári og 20% af akstri umfram 45.000 km á gjaldári.~~

~~Verði skrá eigendaskipti að ökutæki, skal nema lækkan greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af öikumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur og fast árgjald þungaskatts skv. 5. mgr gr. ákvarðast verið greitt til þess dags sem álestur er skráður í álestrarskrá öikumæla. Óheimilt er að skrá eigendaskipti nema fast kílómetragjald skv. 7. gr. hafi verið greitt til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.~~

11. gr.

Ef ökutæki er flutt tímabundið úr landi, skal ekki greiða þungaskatt vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis, enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu töllyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða öikumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning. Að uppfylltum skilyrðum fyrsta málslíðar skal lækka eða endurgreiða fast árgjald þungaskatts skv. 5. gr. að rétttri tiltölu ef ökutækið hefur verið flutt tímabundið úr landi í a.m.k. fimmtán daga samfelld.

~~Akstur Lækka erlendis skal veitir eða ekki endurgreiða rétt fast til árgjald afsláttar þungaskatts skv. 5. mgr. að rétttri tiltölu hafi skattskyld ökutæki verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmerki ökutækisins verið afhent Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. fimmtán daga samfelld.~~

12. gr.

Þungaskattur skv. 5. gr. skal lækka um 70% af akstri almenningsvagna, sem eru í áætlunarferðum samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi, enda séu ökutækini eingöngu nýtt til slíks aksturs.

~~Endurgreiða Sé almenningsvagn að hluta notaður utan áætlunarferða skal 70% þungaskatts skv. 5. gr. sem þungaskattur greiddur hefur að verið fullu af vegna akstri heildaraksturs ökutækja og í hluti eiga hans sérleyfishafa síðan á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til endurgreiddur. Aðilar Senda sem rétt eiga á endurgreiðslu skulu eigi síðar en á eindaga gjaldtímabils senda skal ríkisskattstjóra greinargerð þar sem koma skal fram fjöldi kílómetra sem ökutæki almenningsvagni er ekið í hans föstum eiga hafa ekið á leið sem sérleyfi hans nær til áætlunarferðum á gjaldtímabili. Endurgreiða skal 70% af þeim hluta greidds þungaskatts, sem rekja má til aksturs á í leið sem sérleyfi nær til áætlunarferðum.~~

Greinargerð skv. 2. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en fimmtán dögum eftir lok skilafrests.

~~Sé almenningsvagn skv. 1. mgr. að hluta til notaður utan áætlunarferða skal þungaskattur greiddur að fullu vegna heildaraksturs og hluti hans síðan endurgreiddur á sama hátt og lýst er í 2. mgr.~~

~~-~~ Komi í ljós að endurgreiðsla skv. 2. mgr. eða 4. mgr. hafi verið of há skal ríkisskattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Skattaðila ber, eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu ríkisskattstjóra um of háa endurgreiðslu, að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

13. gr.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að fráðregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

14. gr.

Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. og 5. gr.

IV. KAFLI

Akstursbækur, álestur o.fl.

15. gr.

Eigandi eða umráðamaður ökutækis, sem þungaskattur er greiddur af skv. 5. gr., skal á eigin kostnað láta setja ökumæli í ökutæki sitt, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 308/1996, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.

16. gr.

Ökumaður skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður, skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hafi talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar, sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar, er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökutækis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði. Bifreið telst nýtt í atvinnurekstri ef eigandi eða umráðamaður hennar nýtur skattalegs hagræðis að einhverju leyti við öflun hennar eða rekstur.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökutækir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók skv. ákvæðum 1.-3. mgr.

Ef í ljós kemur við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökutækis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki, skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.

17. gr.

Eiganda eða umráðamanni er skylt að hafa akstursbókina ávallt í ökutækinu. Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

18. gr.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt án sérstakrar tilkynningar að koma á álestrartímabili hvers gjaldtímabils með ökutæki til aðila, sem fjármálaráðherra hefur falið að annast álestur, sbr. reglugerð nr. 308/1996 til að láta lesa af ökutækis og akstursbók ökutækisins. Álestrartímabil eru síðustu tuttugu dagar hvers gjaldtímabils, þ.e. 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október.

Almennt skal ekki lesið af ökutækjum utan þeirra tímabila sem um getur í 1. mgr. nema eigandi eða umráðamaður hafi vanrækt að láta lesa af ökutækis á síðasta álestrartímabili eða til standi að skrá eigendaskipti að ökutæki eða skipta um ökutæki.

Álestur utan álestrartímabils leysir eiganda eða umráðamann ekki undan skyldu til að koma með ökutæki til álestrar skv. 1. mgr.

VI. KAFLI

Gjaldtímabil, gjalddagar, álagning, áætlun og álag.

19. gr.

Fast gjald.

Gjaldár fasts gjalds þungaskatts skv. 4. gr. er 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Gjaldtímabil hvers gjaldárs eru tvö, sem hér segir: 1. janúar til 30. júní, 1. júlí til 31. desember.

Gjalddagi er fyrsti dagur hvers gjaldtímabils, þ.e. 1. janúar og 1. júlí. Eindagi er síðasti dagur fyrsta mánaðar hvers gjaldtímabils, þ.e. 31. janúar og 31. júlí.

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu fasts gjalds.

20. gr.

Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækjaskrá eða að fast gjald hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt, skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan þess tíma endurákvæðar ríkisskattstjóri fast gjald þungaskatts.

21. gr.

Kílómetragjald.

Gjaldár kílómetragjalds þungaskatts og fasts árgjalds skv. 5. gr. er frá 11. nóvember október ár hvert til 10. nóvember október næsta árs.

Gjaldtímabil hvers gjaldárs eru þrjú, sem hér segir: 11. október til 10. febrúar, 11. febrúar til 10. júní og 11. júní til 10. október.

Gjalddagi hvers gjaldtímabils er fyrsti dagur eftir lok tímabilsins, þ.e. 11. febrúar, 11. júní og 11. október. Eindagi hvers tímabils er síðasti dagur sama mánaðar og gjalddagi þess, þ.e. 28. febrúar, 30. júní og 31. október.

22. gr.

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af öikumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af öikumæli þess á álestrartímabili, skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið a.m.k. 8.000 km á mánuði, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 3. mgr. 16. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2.000 km á mánuði. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlunir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir, skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts vegna hvers dags sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal þó ekki vera herra en 10% af fjárhæð þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki, hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

23. gr.

Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búíð öikumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, öikumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið, eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af öikumæli gefur til kynna, skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan þess tíma endurákvörðar hann skatt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvörðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal nema sem svarar til a.m.k. 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs bifreiða sem falla undir 3. mgr. 16. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu öikumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

24. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess, skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan þess tíma, endurákvörðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvörða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

25. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 20., 23. og 24. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákværða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

26. gr.

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 19. og 22. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Heimilt er að kæra endurákvörðun Endurákvörðun skv. 20., 23. og 24. gr. og úrskurð úrskurði ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. má skjóta til yfirsattaneftndar samkvæmt ákvæðum laga nr. Kærufrestur 30/1992, er um þrjátíu daga frá póstlagningu endurákvörðunar eða úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirsattaneftnd kveður upp fullnaðarúrskurð yfirsattaneftnd.

27. gr.

Um dráttarvexti, refsingu o.fl. fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, Ákvæði 6 til bráðabirgða. júní 1996. -

F.h. I.

Guðrún Lækkun Ásta gjalds Sigurðardóttir fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 4. mgr. 5. gr., tekur þó gildi strax og álestur hefur farið fram á 3. álestrartímabili 1998, sem er frá 20. september til 10. október. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á álestrartímabili skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað fyrir lok 3. álestrartímabils 1998 skal reiknaður afsláttur og miðað við gjaldið fram til 11. október en innheimt hið lækkaða gjald af meðaltalsakstri eftir lok 3. álestrartímabils. Geti gjaldandi sannanlega sýnt fram á hver akstur hans hafi verið til loka 3. álestrartímabils skal taka mið af því við ákvörðun þungaskatts.

Hermann Jónasson. II.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. eru bifreiðar sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni undanþegnar greiðslu þungaskatts frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 2000.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.